

Forfallatryggingar og forfallgjöld

Erfitt getur reynst að meta þörfin á ferðatryggingum og greiðslu forfallagjalds við ferðapöntun. Tryggingarnar eru mismunandi og er hér vakin athygli á nokkrum atriðum sem geta skipt máli.

Hvað varðar forfallagjöld þá er það skilyrði fyrir endurgreiðslu hjá sumum flugfélögum, að ferðakostnaðurinn fái ekki endurgreiddur annars staðar. Við þessar aðstæður er augljóslega óþarft að greiða forfallagjald ef neytandi er þegar tryggður, t.d. í gegnum kreditkort. Ferðatryggingar fylgja þó yfirleitt ekki almennum kreditkortum og heldur ekki silfurkortum án fríðinda, en hins vegar silfurkortum með fríðindi, gullkortum og plátinakortum. Þegar ferðatrygging fylgir kreditkorti er oft skilyrði að a.m.k. 50% ferðakostnaðar sé greiddur með kortinu. Kynntu þér skilmálana!

Forfallatrygging er líka innifalin í sumum fjölskyldutryggingum, en það er ekki algengt. Kynntu þér skilmálana! Athugið að forfallatrygging er ekki þáttur í svonefndum ferðatryggingum sem tryggingafélögin bjóða upp á! Unnt er þó að kaupa sérstakar forfalla-/farseðlatryggingar hjá tryggingafélögunum.

Hver er munurinn?

Kreditkortatryggingar, forfallatryggingar hjá tryggingafélögunum og forfallagjöld flugfélaganna bæta öll fargjöld við forföll vegna dauðsfalls, sjúkdóms eða slyss, en það er misjafnt hversu víðtækt þessi hugtök eru skilgreind.

Kortatryggingar, forfallatryggingar og sum forfallagjöld, en ekki öll, bæta einnig gistikostnað og gilda líka við forföll vegna verulegs eignatjóns rétt fyrir ferð.

Í forfallatryggingum kreditkorta eru hámarksbætur fyrirfram takmarkaðar, oft við 200.000 kr. til 350.000 kr. (mismunandi eftir kortum) og almennt er sjálfsábyrgð (oft 8.000 kr.). Hvað varðar forfallagjöld flugfélaganna eru bæturnar ekki takmarkaðar og sjálfsábyrgð tíðkast yfirleitt ekki, en svonefnd þjónustugjöld og endurgreiðslugjöld bætast ekki alltaf og koma þau þá út sem eins konar sjálfsábyrgð. Til viðbótar kemur að greiða þarf forfallagjaldið sjálft.

Þú átt ekki að þurfa að afþakka!

Þögn er ekki sama og samþykki og samningi um greiðslu forfallagjalda verður ekki komið á með því að neytandi afþakki ekki sölutilboð, t.d. með því að taka hak úr reit við pöntun farseðla á Netinu. Ekki má líta á það sem þegjandi samþykki neytanda.